

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 23. febrúar 2021  
2101307 AME

Efni: Umsögn um stefnu um meðhöndlun úrgangs

Umhverfis- og framkvæmdarráð Hafnarfjarðarbæjar fagnar umræðu og stefnumótun í úrgangsmálum og tekur undir það að stefna í þessum málaflokki er nauðsynleg. Þó má benda á að hér er til umsagnar víðtækar breytingar sem innleiða skal á stuttum tíma, brýnt er að raunsæi þarf að vera í fyrirrúmi við innleiðinguna og gerir umhverfis- og framkvæmdarráð athugasemdir við þennan stutta innleiðingartíma. Umhverfis- og framkvæmdarráð bendir á að þær breytingar sem eru í stefnumótuninni á meðhöndlun úrgangs, mun fela í sér umtalsverðan kostnaðarauka, ræða þarf kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins áður en þessi innleiðing fer í framkvæmd.